

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa 144 prestakalli. Samkvæmt beiðni prestsins í Árnesi í Strandaprófastsdæmi, sjera 30. sept. Eyjólfss Jónssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki 2000 króna embættislán úr landssjóði, upp á prestakallið, til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús úr timbri, járnþakið og járnvarið á hliðum og göflum. 15×6 áln. að stærð, einloftað með porti og kvisti og 3 herbergjum niðri og 3 uppi, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem uppdráttur sá, er fylgdi fyrnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna, bendir á. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með 100 kr. árlega í 20 næstu ár, eptir að það er tekið, og ávaxtist með 4%; að húsið verði eign prestakallsins í stað núverandi baðstofuhúss, sem leggist niður, að það sje byggt úr góðu óskemmdu efni að öllu leyti, og vel vandað að smíði og öllum frágangi, að undir það sje hlaðinn vel gerður og nægilega hár steinlímdur grunnur, að utan á binding og sperrur sje lögð klæðning úr fullþykkum bordum, helzt plægðum, þar utan á þak- og veggpappi og yzt galvaníserað bárujárn, er eigi sje þynnra á þaki en nr. 24, nægilega skarað, til að fyrirbyggja leka og innfenni; á veggjum og göflum, sem út vita, sje bárujárnið annaðhvort með sömu þykkt eða eigi þynnra en nr. 26, að innan á binding sjeu settar vel þjettar, plægðar þiljur og vandlega troðið á milli til skjóls með þurrum mosa moldarlausum eða vel þurru heyi, að á sama hátt sje þiljað alstaðar innan á sperrur og troðið heyi eða mosa á milli, að vandlega sje búið um alla glugga, til að varna leka og innrennsli; sömuleiðis að um inn-gangsskúrinn sje svo búið, að báðum húsum sje óhætt við vatnsrennsli frá honum, að í húsinu sje vel hlaðinn reykbáfur á hentugum stað, og að því fylgi að minnsta kosti 2 hæfilegir ofnar í þeim herbergjum, sem þörf er á að hita upp, að húsið sje allt tilhlýðilega málað að innau, að það verði váttryggt í áreiðanlegu váttryggingarfjelagi fyrir fullri upphæð, eigi minna en 2500 kr., og því ávallt haldið í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts, að presturinn fái eigi síðari helm-ing lánsins útborgaðan fyr en sannað er með áreiðanlegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og fullnægi öllum settum skilyrðum, að presturinn haldi húsinu vel við, og að hann eða dánarbú hans, skili því í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið og þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir lánbeiðandanum, að því viðbættu, að nefnt lán mun geta fengist úr landssjóði.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu 145 um hlunnindi handa sparissjóði. — Út af beiðni, er hingað hefir borizt beina leið 30. sept. frá forstöðunefnd sparissjóðs Norðuramtsins á Akureyri, vil jeg hjer með veita nefndum sparissjóði um 5 ára tímabil, frá 1. október næstkomandi að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, með þeim skilyrðum, að ekki

15. dag októbermánaðar 1897.

145 rýrni trygging sú, er sparisjóður þessi nú veitir, að ákvæðanna um reiknings-
 30. sept. skil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eptirrit af ársreikningi sjóðsins, sömdum í því formi, er landshöfðingi hefir fyrirskipað eða fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, er verða kann í lögum sjóðs.

Þetta er yður, herra amtmáður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd umgetins sjóðs.

146 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð lectors
 16. sept. Helga Hálfánarsouar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá.

fyrir

minningarsjóð lectors Helga Hálfánarsonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum, sem við árslokin 1896 námu 540 — fimm hundruð og fjörutíu — krónum.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, og skal árlega leggja $\frac{1}{4}$ — einn fjórða — hluta vaxtanna við höfuðstólinn.

3. gr.

Hinir föstu kennarar prestaskólans hafa á hendi stjórn sjóðsins, og skal reikningur sjóðsins árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

4. gr.

Þrem fjórðu hlutum vaxtanna má árlega verja til að kaupa guðfræðisbækur fyrir til verðlauna handa einum eða fleirum af lærisveinum prestaskólans, sem stjórn sjóðsins álitur þess maklega.

Reykjavík 17. dag febrúarmánaðar 1897.

Þórhallur Bjarnarson. Jón Helgason. Eiríkur Briem.